

Skýrsla um vinnuna í Hallormsstadaskógi árið 1917.

Skógurinn: Grisjun gefur verið haldið áfram á sömu svæðum og 1916. Mest hefur verið grisjað í Hólunum neðan við bæinn. Einnig í Bartinum áframhald á svæðinu fyrir ofan Langasand, skammt frá Fljótinu. Í Suðurskóginum hefur verið grisjað milli Króklæks og Atlavíkur, ofan við alfaraveginn, þar var byrjað að grisja í fyrra. Þá hefur verið grisjað va 50 hestb. fyrir sunnan Atlavíkurlæk í Vörðuhrauninu. Raftaviður hefur verið höggvin í Hólunum, fram og upp af Ormsstöðum. Um tölu hestburða af hrís og raftavið, sem höggvin hefur verið á þessu ári vísast til skýrslu þeirrar er fylgir.

Girbingin purfti mikilla viðgerða á s.l. ari og var gert við hana undir eins og snjó leysti. Það kemur æ betur í ljós að girðingi fyrir ofan skóginn hefði átt að liggja neðar í fjallshlíðinni. Hún hefði þá orðið fyrir miklu minni áföllum af snjóþyngslum. Þyrfti að færa girðinguna veðar og lengja við hana svo álmurnar nái saman aðf utan og framan. Yrði þá byggt fyrir ágang fénaðar að sumarlagi, sem nú verður ekki komist hjá, en það veldur óþægindum fyrir þá sem eiga að passa skóginn, enda þótt sumarbeit fénaðar geri ekki skóginum nein teljandi spjöll.

Fræ spratt ekkert á skóginum í summar, enda var vorið kalt mjög og héldust kuldar allt fram í júlí. Síðustu 3 árin 1915-1916 og 1917 hefur skógurinn ekki borið fræ. Á árunum 1909 - 1917 hefur frævöxtur verið á þessa leið:

1909 var mjög mikil fræ, hitasumar.

1910 lítið fræ, sumarið kalt.

1911 töluvert fræ, meira en 1910.

1912 lítill frævöxtur.

1913 mikill frævöxtur.

1914 mestu frævöxtur síðan 1909.

1915 ekkert fræ, kuldasumar, maðkur í skóginum.

1916 ekkert fræ. Veðrið mjög kalt og þurrt, mikill maðkur.

1917 ekkert fræ. Veðrið kalt, maðkur í skóginum, en þó minni en 1918-1916.

Á þessum 9 árum hafa 3 árin verið góð fræár . 1 árið í meðallagi, 2 árið lítill frævöxtur og 3 árið ekkert.

Reynivíðarfræ óx dálítíð í summar hér í skóginum og varð full proska. Var safnað ca. 3 pundum af því.

Maðkur var í skóginum í summar, en mikið minni en í fyrra. Ær þetta þriðja maðkasumarið í Hallormsstaðaskógi. Mestur var maðkurinn í fyrra 1916, enda var þa árvöxturinn mjög lítill nema á ungvisti, á því var enginn maðkur. Nú s.l. summar var hinsvegar framför á skóginum í meðallagi. Þegar kom fram yfir miðjan júlí náði skogurinn sér gerlaga og fór mikið fram úr því, þar til ótíð skall á um 10 ágúst. Yfirleitt má segja að skogurinn hafi ekkert verulegt tjón þeðið þessi 3 ár sem maðkurinn hefur herjað hér. Hann má heita óskemmdur og með fullum lífsþrótti eftir þá viðureign. Árin 1915 og 1916 voru þó mjög mikið af skógarmáðkinum, svo ætla mætti að hann hefði náð hæsta stigi 1916.

Það má segja að skóginum fari mjög vel fram, þó nokkuð minna eðlilega í slíkur ársferði nú seinustu 3 árin. Útbreyðslu hans í skógæausu svæðin miðar jafnt og stöðugt vel áfram. Þess verður ekki langt að biða að hann klæði fjallshlíðina hér fyrir ofan bæinn, sem skóglaus var at heita mátti fyrir 12-15 árum.

Græðireiturinn: Sáð var 5 kg. af reyniviðarfræi. Birkifræ úr öræfum kom of seint til þess að hægt væri að sá því í vor og geymist það til næsta vors. Plöntur sem senda átti til Reykjavíkur í maí eftir fyrirmælum skógræktarstjóra, var ekki hægt að senda vegna þess að klaka leysti ekki svo hægt væri að taka upp plöntur fyr en um 25. maí.

Dreift (prikað)	var 7.200 birkiplöntum 3/0 -4/0
	3.640 reyniviðarplöntum 3/0
	400 ribsstiklingum
	220 víðistiklingum
	360 lævirkjapl. endurdreift.

Framför á birki og Lævirkja og reynivið var allgöð. Reyniviðarfræ sem sáð var í fyrra kom upp í vor, en kom mjög strjálfit upp í þeðunum og voru plönturnar fremur kirkinslegar. Í útbreiðslubeðin og fræbedin var borinn áburður.

Lævirkjaplöntur sem dreift var 1915 höfðu summar kálð í toppini en náðu sér furðalægla aftur. Endurnýjunarkraftur hans virðist gera hann líklegan til að standast áföll af vondu árferði.

Voríð var mjög kalt og votviðrasamt, eins og fyrr segir. En í júlimánuði komu miklir hitar og vætur og fór þá plöntunum vel fram, en um 20. ágúst gekki í kulda og votviðratíð sem hélst allt summaríð því nær óslitið. Vætur voru því nógar svo sjaldan þurfti að vökva.

Látnar voru út úr græðireitnum:

Víðfi	490	stk.
Lævirki	122	-
Birki	770	-
Ribs	80	-
Reynir	25	-
Aðrar teg.	<u>50</u>	-
Samtals:	<u>1.537</u>	stk.

Byggingar: Settur nýr gluggi í eldhúsið ó baðstofunni. Kíttabígluggar á Hallormsstað og Ormsstöðum og olíuborin gólf í timburhúsum. Ýmsar smálagfæringar gerðar.

Eftirlitsferðir fór ég engar á árinu. Tíðarfarið i haust, eftir að ég meðtók fyrirmæli skógræktarstjóra um ferðalög, var svo vont að ég taldi ekki gerlegt að takast langferð á hendur. Í enduðum september voru fjöll örðin lítt fær með hesta og stöðugt úrfelli allan októbermánuð.

Hér í Héraðinu álit ég ekki brýna þörf á að fara um, þar sem ég hafði víðast farið þar um í fyrra.

Hallormsstað 16. janúar 1918,
Guttermur Pálsson.